

Reglur um BA-nám í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands

[Samþykktar á deildarfundi 25. ágúst 2009]

með breytingum samþykktum á deildarfundi 30. nóvember 2009, 23. febrúar 2010, 26. október 2010 breytt á deildarfundi 28. maí 2013, þær breytingar tóku gildi 1. júlí 2013. Nú síðast breytt 25. maí 2015.

1. gr.

Lagadeild veitir kennslu til BA-prófs í lögfræði. Kennsla fer fram í námsgreinum sem metnar eru til námseininga. Nám í lögfræði til BA-prófs jafngildir 180 ECTS námseiningum.

2. gr.

Til og með vormisseris 2015 skulu námsgreinar til BA-prófs í lögfræði, vægi hvernar þessara greina og niðurröðun þeirra á kennslumisseri vera eins og að neðan greinir.

<i>1. ár - haustmisseri, 29 ECTS e:</i>	
Almenn lögfræði ásamt ágrípi af réttarsögu	18 ECTS e.
Inngangur að lögfræði	6 ECTS e.
Heimspækileg forspjallsvísindi	5 ECTS e.
<i>1. ár - vormisseri, 31 ECTS e:</i>	
Evrópuréttur	6 ECTS e.
Fjölskyldu- og erfðaréttur	10 ECTS e.
Stjórnskipunarréttur ásamt ágrípi af þjóðarétti	15 ECTS e.
<i>2. ár - haustmisseri, 30 ECTS e:</i>	
Samningaréttur	10 ECTS e.
Skaðabótaréttur	15 ECTS e.
Stjórnsýsluréttur I	5 ECTS e.
<i>2. ár - vormisseri, 30 ECTS e:</i>	
Eignaréttur	15 ECTS e.
Stjórnsýsluréttur II	15 ECTS e.
<i>3. ár - haustmisseri, 30 ECTS e:</i>	
Kröfuréttur I	10 ECTS e.
Refsiréttur I	10 ECTS e.
Réttarfar I	10 ECTS e.
<i>3. ár - vormisseri, 30 ECTS e:</i>	
Kröfuréttur II	8 ECTS e.
Refsiréttur II	8 ECTS e.
Réttarfar II	8 ECTS e.
BA-ritgerð	6 ECTS e.

2 .gr. a.

Frá og með haustmisseri 2015 skulu námsgreinar til BA-prófs í lögfræði, vægi hvernar þessara greina og niðurröðun þeirra á kennslumisseri vera eins og að neðan greinir:

<i>1. ár - haustmisseri, 29 ECTS e:</i>	
Almenn lögfræði ásamt ágrípi af réttarsögu	18 ECTS e.
Inngangur að lögfræði	6 ECTS e.
Heimspækileg forspjallsvísindi	5 ECTS e.
<i>1. ár - vormisseri, 31 ECTS e:</i>	
Evrópuréttur	6 ECTS e.
Fjölskyldu- og erfðaréttur	10 ECTS e.
Stjórnskipunarréttur ásamt ágrípi af þjóðarétti	15 ECTS e.
<i>2. ár - haustmisseri, 30 ECTS e:</i>	
Samningaréttur	10 ECTS e.
Bótaréttur I	8 ECTS e.
Eignarréttur I	4 ECTS e.

Stjórnsýsluréttur I	8 ECTS e.
2. ár - vormisseri, 30 ECTS e:	
Eignaréttur II	11 ECTS
Stjórnsýsluréttur II	12 ECTS
Bótaréttur II	7 ECTS
3. ár - haustmisseri, 30 ECTS e:	
Kröfuréttur I	10 ECTS e.
Refsiréttur I	10 ECTS e.
Réttarfar I	10 ECTS e.
3. ár - vormisseri, 30 ECTS e:	
Kröfuréttur II	8 ECTS e.
Refsiréttur II	8 ECTS e.
Réttarfar II	8 ECTS e.
BA-ritgerð	6 ECTS e.

2. gr. b

Nemandi sem veturinn 2014 til 2015 hefur tekið próf í skaðabótarétti, stjórnsýslurétti I, stjórnsýslurétti II eða eignarrétti en ekki náð lágmarkseinkunn á rétt á að taka próf í viðkomandi námsgrein veturinn 2015 til 2016 eftir hefðbundnum reglum um skráningu í próf, sjúkrapróf, endurupptöku og annað. Nemandi á hins vegar ekki rétt á endurtekinni kennslu í viðkomandi námsgrein. Þessi heimild felur ekki í sér frávik frá reglunni í 2. mgr. 5. gr. reglna þessara. Um fyrirlagningu prófa fer eftir reglum þessum að öðru leyti.

3. gr.

Heimilt er umsjónarkennara í hverri námsgrein í BA-námi að leggja þá skyldu á stúdenta, að þeir leysi af hendi allt að tveimur æfingum meðan þeir stunda nám í viðkomandi grein. Nánar um æfingaskyldu vísast til reglna um æfingaskyldu stúdenta í lagadeild Háskóla Íslands.

4. gr.

Um kennslumisseri fer eftir almennum ákvæðum reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Lagadeild getur ákveðið frávik þegar sérstaklega stendur á.

Próf í inngangi að lögfræði skal haldið í síðustu viku september á haustmisseri og sjúkra og upptökupróf í því námskeiði skal haldið í lok upplestrarfrís í október. Sjúkra- og upptökupróf í almennri lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu skal eingöngu haldið á vorpróftímabili. Um próftímabil lagadeildar, þar á m. um sjúkra- og upptökupróf, fer að öðru leyti eftir 56. og 57. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Lagadeild getur ákveðið frávik þegar sérstaklega stendur á.

Próftími í skriflegum prófum í BA-námi skal að jafnaði ekki vera lengri en þrjár klukkustundir.

Próf í námsgreinum í BA-námi skulu vera skrifleg og skulu þau byggð á námsefni næstliðins misseris nema annað sé skýrt tekið fram.

5. gr.

Til að standast próf í BA-námi í lögfræði verður stúdent að hljóta minnst einkunnina 6,0 í öllum námsgreinum hverri um sig. Lokaeinkunn til BA-prófs í lögfræði skal reiknuð sem veggð meðaltal einkunna úr einstökum námskeiðum.

Stúdent er ekki heimilt að gangast oftar en fjórum sinnum undir sama próf í námsgreinum í BA-námi. Falli stúdent fjórum sinnum á prófi í sömu námsgrein í BA-námi er hann fallinn úr lagadeild.

Stúdent skal hafa lokið BA-prófi í lögfræði eigi síðar en á því almanaksári þegar fimm ár eru liðin frá innritun hans í BA-nám við lagadeild. Lagadeild getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum um tímamörk ef veikindi eða aðrar vítaleysisástæður koma til.

5. gr. a.

Innritist nemandi í BA-nám við lagadeild eftir að hafa fallið úr deildinni samkvæmt 91. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands og 5. gr. reglna um BA-nám í lögfræði við lagadeild Háskóla, sbr. og reglur um inntöku nýnema og inntökupróf í lagadeild nr. 928/2013, getur nemandi sótt um að fá metið sem hluta BA-námsins námskeið í þeim námsgreinum sem taldar eru upp í 2. gr. og 2. gr. a sem hann hefur þegar lokið.

Nemandi sem innritast á ný í BA-nám við lagadeild skv. 1. mgr. frá og með haustmisseri 2015 getur fengið metnar námsgreinar skv. 2. gr. með eftirfarandi hætti:

- námsgreinin skaðabótaréttur 15 ECTS e. skv. 2. gr. fæst metin sem bótaréttur I skv. 2. gr. a, til 8 ECTS e.
- námsgreinin eignarréttur 15 ECTS e. skv. 2. gr. fæst metin sem eignarréttur I og eignarréttur II skv. 2. gr. a, samtals til 15 ECTS e.
- námsgreinin stjórnásluréttur I skv. 2. gr. fæst ekki metin sem hluti BA-náms skv. 2. gr.a
- námsgreinin stjórnásluréttur II skv. 2. gr. fæst ekki metin sem hluti BA-náms skv. 2. gr.a
- námsgreinarnar stjórnásluréttur I og stjórnásluréttur II fást metnar sameiginlega sem stjórnásluréttur I og II skv. 2. gr. a, til samtals 20 ECTS e.

6. gr.

Á fyrsta misseri BA-náms í lögfræði, haustmisseri, getur stúdent eingöngu skráð sig til náms í þremur námsgreinum, þ.e. almennri lögfræði ásamt ágrípi af réttarsögu, heimspekilegum forspjallsvísindum og inngangi að lögfræði..

Á vormisseri fyrsta námsárs getur stúdent eingöngu skráð sig til náms í stjórnskipunarrétti ásamt ágrípi af þjóðarétti, sífja- og erfðarétti og Evrópurétti.

Stúdent getur ekki lokið BA-ritgerð nema hann hafi áður staðist próf í námsgreinum til BA prófs við lagadeild sem veða að minnsta kosti 120 einingar alls.¹

Skilyrði þess að stúdent geti skráð sig í aðrar námsgreinar í BA-námi en sem nefndar eru í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, er að hann hafi staðist próf í almennri lögfræði ásamt ágrípi af réttarsögu og inngangi að lögfræði.

7. gr.

Stúdent getur sótt um að fá metið sem hluta BA-námsins námskeið, í einhverri þeirra greina sem taldar eru í 2. gr. eða 2. gr. a. sem hann hefur lokið í grunnnámi við lagadeild annars háskóla að því tilskildu að efni þess og kennslumagn sé sambærilegt og hann hafi hlotið að lágmarki einkunnina 6,0.

Námskeið sem lokið er í öðrum háskóla og metið er inn í BA-námið samkvæmt 1. mgr. skal fært inn á námsferil stúdents með merkingunni „metið“.

Námskeið sem lokið er í öðrum háskóla skal ekki viðurkennt til fleiri eininga í BA-náminu en sama námsgrein er metin til samkvæmt 2. gr. eða 2. gr. a.

Umsókn um að fá námskeið metið samkvæmt 1. mgr. skal send námsnefnd lagadeildar ásamt upplýsingum um skipulag þess, lesefni og námstílhögun að öðru leyti. Námsnefnd skal eftir atvikum leita umsagnar umsjónarkennara lagadeildar í viðeigandi grein samkvæmt 2. gr. eða 2. gr. a. áður afstaða er tekin til umsóknarinnar.

8. gr.

Deildarfundur í lagadeild kýs þrjá úr hópi fastráðinna kennara í nefnd um BA-nám og einn varamann. Þá skulu fulltrúar nemenda á deildarfundum tilnefna einn úr sínum hópi til setu í nefndinni. Deildarfundur ákveður hver af fulltrúum kennara í nefndinni skuli vera formaður hennar.

Hlutverk nefndarinnar er að hafa umsjón með BA-námi við deildina, skipulagi námsleiðarinnar, tilhögun námsmats og þróun og gæðum námsins og gera tillögur til deildarfundar um breytingu á reglum um námið eftir því sem þörf krefur.

9. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 7. mgr. 90. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 og öðlast gildi þegar í stað. Á sama tíma falla úr gildi reglur um BA-nám í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands frá 2. júlí 2002 með síðari breytingum.

Greinargerð

Breytingar á 2. gr. og hin nýja grein 2.a, byggjast á endurskoðun lagadeildar á uppbyggingu BA námsins. Þær fela í sér að breytt verður vægi milli anna í námsgreinunum Bótaréttur (nú Skaðabótaréttur), Stjórnásluréttur og Eignarréttur á 2. ári BA námsins. Ekki eru gerðar breytingar á heildareiningum í hverri kjarnagrein BA námsins. Með hliðsjón af samfélagsþróun og nýjum áherslum er heiti námsgreinarinnar Sífja- og erfðaréttur einnig breytt í Fjölskyldu- og erfðarétt, sbr. breytingar sem þegar hafa verið gerðar í kennsluskrá.

Ákvæði 2. gr. b mælir, ásamt 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 2. gr. a, fyrir um gildistöku breytts fyrirkomulags. Með því að langur aðlögunartími er gefinn er óþarft að kenna samhliða hinar breyttu námsgreinar, með hinum eldri. Gildistakan á hinu nýja fyrirkomulagi er haustið 2015. Kennsluveturinn 2015 til 2016 geta þeir sem féllu í einhverjum af hinum breyttu námsgreinum veturinn áður fengið að taka þær á ný. Með því er leitast við að gæta jafnræðis þeirra við aðra

¹ Á ekki við um þá nemendur sem skráðu sig í efni BA-ritgerðar fyrir 1. júlí 2013.

stúdenta við deildina, sbr. 4. grein í BA reglunum. Í þessu felst hins vegar ekki frávik frá því hversu oft má taka próf í hverri námsgrein, né verður útilokað að þetta leiði til þess að sumir nemendur fái ekki tækifæri til að taka próf svo oft sem fjórum sinnum. Skylda deildarinnar er enda ekki svo rík gagnvart nemendum, sbr. 57. gr. reglna Háskóla Íslands.

Breyting á 4. gr. reglnanna miðar að því að tryggja að deildin geti, ef það er metið hentugt, ákveðið sveigjanlegra fyrirkomulag á prófatíma en nú er. Með þessari breytingu er í það minnsta tekinn af mögulegur vafi um svigrúm deildarinnar að þessu leyti. Þetta gæti fyrst og fremst átt við á haustönn annars árs, ef tilefni gæfist til að kenna eignarrétt, sem verður 4 ECTS, á styttri tíma en kennslutímabilið er.

Breyting á 6. gr. þarfnast ekki mikilla skýringa. BA ritgerðir lúta almennt að ákveðnu kjarnasviði lögfræðinnar, og mikilvægt fyrir nemendur að hafa byggt upp tiltekna þekkingu áður en þeir skila BA ritgerð.

Breyting á 8. gr. er aðeins ætlað að mæta þeirri breytingu sem þegar hefur verið gerð á skipan BA nefndar, að þar er ekki nauðsynlegt að deildarforseti eigi sæti.